

## 15. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

20. maí 2021 kl. 16.00

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Helena Eiríksdóttir, fulltrúi starfsfólks, Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri. Fulltrúi foreldraráðs sat ekki fundinn þar sem ekki er búið að skipa hann.

**FUNDARSTAÐUR:** HUPPUSALUR.

**DAGSKRÁ:**

1. Skóladagatal Flúðaskóla
2. „Fréttir“ af skólastarfi í Covid
3. Skólaakstur
4. Starfsmannamál
5. Til upplýsinga og ályktunar :
  - a) Bréf frá Landvernd dags. 5. maí sl. - „Skólar á grænni grein“

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

### 1. Skóladagatal Flúðaskóla 2021-2022

Skólastjóri fór yfir framlagt skóladagatal. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

### 2. „Fréttir“ af skólastarfi í Covid

Skólastjóri fór yfir hvernig starfið í skólanum hefur gengið fyrir sig í faraldrinum. Smit kom upp í skólanum í apríl og var honum lokað föstudaginn 30. apríl og þriðjudaginn 4. maí. Starfsdagur var mánudaginn 3. maí. Mikið hefur verið um breytingar í starfinu með skömmum fyrirvara. Vegna covid þurfti Flúðaskóli að draga sig úr „Skjálftanum“ sem er hæfileikakeppni grunnskólanna.

Með stórri skimun og samstilltu átaki í samfélaginu tókst að koma í veg fyrir að smitin dreifðust víðar.

Bólusetningar innan skólans hafa gengið vel og eru nær allir starfsmenn búnir að fá a.m.k. eina bólusetningu.

Skólanefnd þakkar skólanum fyrir góð og fagleg vinnubrögð í faraldrinum.

### 3. Skólaakstur

Skólastjóri fór yfir málið. Endurnýja þarf alla samninga við skólabílstjóra fyrir haustið. Ein leiðin var auglýst og barst 1 umsókn. Um er að ræða akstursleið sem Guðbjörn Dagbjartsson hefur séð um í áratugi. Skólanefnd vill færa Guðbirni sérstakar þakkir fyrir farsælt starf sem skólabílstjóri.

Gengið verður frá nýjum samningum við skólabílstjóra fyrir næsta haust.

### 4. Starfsmannamál

Skólastjóri fór yfir starfsmannamál skólans. Ráða þarf kennara fyrir haustið, þ.e. umsjónarkennara á unglíngastigi og miðstigi og einnig stuðningsfulltrúa og kennara í heimilisfræði, tónmennt og myndmennt. Fjöldi umsókna hefur borist og verið er að ganga frá ráðningum þessa dagana.

Ein leyfisbeiðni liggur fyrir frá kennara við skólann, Margrėti Guðmundsdóttur, og mælir skólastjóri með að hún verði samþykkt. Skólanefnd samþykkir beiðnina.

### 5. Til upplýsinga og ályktunar :

#### a) Bréf frá Landvernd dags. 5. maí sl.

Formaður lagði fram, til kynningar, bréf frá Landvernd, dags. 5. maí sl. Efni bréfsins er „Skólar á grænni grein“. Um er að ræða alþjóðlegt menntaverkefni fyrir skóla sem vilja virkja og valdefla nemendur til góðra verka í sjálfbærni og umhverfismálum.

Á vefsíðunni [graenfaninn.is](http://graenfaninn.is) er að finna frekari upplýsingar um verkefnið.

Skólinn er nú þegar þátttakandi í heilsuefandi grunnskóla og heilsuefandi samfélagi auk þess að taka þátt í innleiðingu og framkvæmd verkefnisins „Barnvænt samfélag“.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 16.55. Næsti fundur ákveðinn síðar.